

## 54. fundur

Safna – og menningarmálanefnd hélt fund fimmtudaginn 27. apríl 2006 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Sigrún Ársælsdóttir, Laufey V. Hjaltalín, Magnús A. Sigurðsson og Guðrún A. Gunnarsdóttir.

Guðrún lagði til að bókasafnið yrði sumarlokað 8. maí vegna flutninga. Samþykkt. Ekki verður farið í förgun eða sölu á umframbókum sem geymdar eru í slökkvistöðinni, fyrr en nýr safnstjóri hefur farið yfir spjaldskána. Það er álit Sigurlínar að þess þurfi. Kassarnir eru á milli 80-100. Meðaltal í kassa er u.þ.b. 40 stk. Sigurlína tók fram að henni finnst framtíðarsýn bókasafnsins ekki nægilega skýr. Einnig vildi hún koma því á framfæri að ákvörðun um staðsetningu safnsins þurfi að taka sem fyrst. Nefndin styður heilshugar að flýtt verði ákvörðun um staðsetningu.

Farið var yfir drög að sýningu um “Systurnar í Hólminum” sem verður opnuð 10. júní

Fundi slitið kl. 19.25.

Sigrún Ársælsdóttir (sign.),  
Laufey V. Hjaltalín (sign.),  
Magnús A. Sigurðsson (sign.),  
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.).